

13. desember 2018

## Fjármál hins opinbera 2017 – endurskoðun *General government finances 2017 – revision*

### Samantekt

Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 13,9 milljarða króna árið 2017 eða sem nemur 0,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 309,6 milljarða króna árið 2016 eða 12,4% af landsframleiðslu. Góð afkoma árið 2016 skýrist öðru fremur af 384,2 milljarða króna stöðugleikaframlagi frá slitabúum fallinna fjármálfyrirtækja. Tekjur hins opinbera námu 1.146,5 milljörðum króna árið 2017. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 43,8%. Útgjöld hins opinbera voru 1.132,6 milljarðar króna á árinu 2017 og jukust um 2,2% en hlutfall þeirra af landsframleiðslu var 43,3%. Á árinu 2017 er meðtalið í útgjöldum hins opinbera fjármagnstilfærlaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32 milljarða króna.

Heildarútgjöld til heilbrigðismála voru 223,9 milljarður króna árið 2017 eða 8,6% af landsframleiðslu. Þar af var hlutur hins opinbera 184,9 milljarðar króna en hlutur einkaaðila 38,9 milljarðar eða 17,4%. Á mann námu heilbrigðisútgjöld hins opinbera 538,5 þúsundum króna og hækkuðu um 1,1% að raungildi frá fyrra ári. Frá árinu 2012 hafa opinber heilbrigðisútgjöld á mann aukist að raungildi um 11,2% en eru enn 5% lægri en árið 2008, þegar opinber heilbrigðisútgjöld á mann mældust hæst að raungildi .

Til fræðslumála var ráðstafað 191,2 milljörðum króna árið 2017 eða sem nemur 7,3% af landsframleiðslu. Þar af var fjármögnun hins opinbera 173,4 milljarðar króna og hlutur heimilanna um 17,8 milljarðar króna eða 9,3%. Á mann námu fræðsluútgjöld hins opinbera 505 þúsund krónum og drögust saman um 0,6% að raungildi frá fyrra ári.

Hrein peningaleg eign hins opinbera var neikvæð um 526 milljarða króna í árslok 2017 eða 20,1% af vergrí landsframleiðslu. Hrein peningaleg eign hins opinbera hefur því batnað um 326,1 milljarð króna frá því í árslok 2016. Peningalegar eignir námu 1.476,5 milljörðum króna og heildarskuldir 2.002,2 milljörðum króna í árslok 2017. Frá og með árinu 2017 metur Fjársýslan eign ríkissjóðs í félögum samkvæmt hlutdeildaðferð, þ.e. ríkið eignfærir hlutdeild sína í eigin fé þeirra.

Fjármál hins opinbera eru í  
brennidepli í þessu riti

Í þessu riti verður fyrst og fremst lögð áhersla á hið opinbera en samsvarandi upplýsingar um undirgeira þess má sjá á vefsíðu Hagstofunnar. Verður vikið að afkomuþróun hins opinbera, en einnig verður gerð grein fyrir þróun tekna og gjalda frá mismunandi sjónarhornum. Þá verður í stuttu máli fjallað um heilbrigðis-, velferðar- og menntamál og þeim gerð skil í talnaefni og myndum.




**Hið opinbera takmarkast við  
A-hluta ríkissjóðs, A-hluta  
sveitarfélaga og  
almannatryggingar**

## Umfang hins opinbera

Hefðbundin skilgreining á hinu opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum afmarkast við starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með tekjum af sölu á vörum og þjónustu á almennum markaði. Hér er því um tiltölulega þröngra skilgreiningu að ræða sem takmarkast við A-hluta ríkissjóðs, A-hluta sveitarfélaga og almannatryggingar. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vörum og þjónustu, er ekki talin til hins opinbera samkvæmt hefðbundinni skilgreiningu, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins.

### Mynd 1. Hlutfallsleg skipting á umfangi undirgeira hins opinbera 2017

Figure 1. Relative size of general government's sub-sectors in terms of revenue and expenditure 2017



**Skýringar Notes:** Fjármagnstilfærla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalin 2017. The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Brú Pension Fund has been included as an expense in 2017.

Árið 2017 runnu 73,4% tekna hins opinbera til ríkissjóðs og 26,4% til sveitarfélaga. Af tekjum ríkissjóðs runnu 29,9% áfram til almannatrygginga og sveitarfélaga sem fjárfamlög eða 221,9 milljarðar króna til almannatrygginga og 29,7 milljarðar króna til sveitarfélaga. Hlutur almannatrygginga í útgjöldum hins opinbera er 19,1% eða 215,8 milljarðar króna, sveitarfélaga 32,1% eða 363,5 milljarðar króna, og ríkissjóðs 48,9% eða 553,3 milljarðar króna.

## Afkoma hins opinbera

*Tekjuafkoma hins opinbera nam 0,5% af landsframleiðslu 2017*


Tekjuafkoma hins opinbera var jákvæð um 13,9 milljarða króna árið 2017 eða sem nemur 0,5% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoman jákvæð um 309,6 milljarða króna árið 2016 eða 12,4% af landsframleiðslu. Góð afkoma árið 2016 skýrist öðru fremur af 384,2 milljarða króna stöðugleikaframlagi frá slitabúum fallinna fjármálfyrirtækja. Lækkun í heildartekjum hins opinbera nam 19,2% milli 2016 og 2017 á meðan aukning í heildarútgjöldum nam 2,2% á sama tíma. Á árinu 2016 var einnig gjaldfærð 105,1 milljarðs króna fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Í reikningum sveitarfélaga er fjármagnstilfærsla til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32 milljarða króna gjaldfærð á árinu 2017.

*Tekjuafkoma ríkissjóðs nam 1,7% af landsframleiðslu 2017*

Vegna umfangs ríkissjóðs ræður tekjuafkoma hans miklu um þróun afkomu hins opinbera í heild. Afkoma ríkissjóðs var jákvæð um 45,6 milljarða króna árið 2017 eða sem nemur 1,7% af landsframleiðslu. Til samanburðar var afkoma ríkissjóðs jákvæð um 301,7 milljarða króna árið 2016 eða 12,1% af landsframleiðslu. Eins og áður segir skýrir stöðugleikaframlag ársins 2016 að mestu leyti þessa góðu tekjuafkomu ríkisins árið 2016.

### Mynd 2. Tekjuafkoma hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu

Figure 2. The general government financial balance as per cent of GDP



**Skýringar** Notes: 192 ma. kr. yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er meðtalin. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalin 2017. The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is included. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016. The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Briar Pension Fund has been included as an expense in 2017.

*Tekjuafkoma sveitarfélaga var neikvæð um 33,2 milljarða króna*

Tekjuafkoma sveitarfélagna var neikvæð um 33,2 milljarða króna árið 2017 eða sem nemur 1,3% af landsframleiðslu. Til samanburðar var tekjuafkoma sveitarfélaga árið 2016 jákvæð um 1,6 milljarða króna eða 0,1% af landsframleiðslu. Skýringin á þessari neikvæðu tekjuafkomu ársins 2017 er öðru fremur gjaldfærsla fjármagnstilfærslu sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32 milljarða króna.

**Tafla 1. Fjármál hins opinbera 2012–2017**  
*Table 1. General government finances 2012–2017*

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Tekjur hins opinbera <sup>1</sup> <i>General gov. Revenue</i> <sup>1</sup>	740,8	795,7	907,0	931,0	1.418,3	1.146,5
Útgjöld hins opinbera <sup>2,3</sup> <i>Gen. gov. Expenditure</i> <sup>2,3</sup>	807,2	830,5	908,5	949,1	1.108,7	1.132,6
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-66,5	-34,8	-1,5	-18,2	309,6	13,9
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>						
Tekjur hins opinbera <sup>1</sup> <i>Gen. gov. Revenue</i> <sup>1</sup>	40,2	40,6	43,7	40,7	56,7	43,8
Útgjöld hins opinbera <sup>2,3</sup> <i>Gen. gov. Expenditure</i> <sup>2,3</sup>	43,8	42,4	43,8	41,5	44,3	43,3
Tekjuafkoma hins opinbera <i>Gen. gov. NLB</i>	-3,6	-1,8	-0,1	-0,8	12,4	0,5
Tekjuafkoma ríkissjóðs <i>Central gov. NLB</i>	-3,3	-1,8	0,8	-0,3	12,3	1,7
Tekjuafkoma sveitarfélaga <i>Local gov. NLB</i>	-0,5	-0,4	-0,8	-0,6	0,1	-1,3
Tekjuafkoma almannatrygg. <i>SSF NLB</i>	0,0	0,3	-0,1	0,1	0,3	0,1

<sup>1</sup> Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

<sup>2</sup> Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

<sup>3</sup> Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalin 2017. *The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Brúar Pension Fund has been included as an expense in 2017.*

## Tekjur hins opinbera

*Tekjur hins opinbera námu 43,8% af landsframleiðslu*


Tekjur hins opinbera námu 1.146,5 milljörðum króna árið 2017 og drögust saman um 271,8 milljarða króna milli ára eða 19,2%. Sem hlutfall af landsframleiðslu mældust þær 43,8% samanborið við 56,7% árið 2016. Á árinu 2016 voru meðtaldar tekjur af stöðugleikaframlagi ríkissjóðs 384,2 milljaðar króna.

**Tafla 2. Heildartekjur hins opinbera og undirgeira þess 2011–2017**  
*Table 2. General government total revenue 2011–2017*

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Hið opinbera <i>General government</i></b>	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.418,3	1.146,5
Ríkissjóður <sup>1</sup> <i>Central government</i> <sup>1</sup>	497,1	545,5	584,5	686,1	692,4	1.149,0	850,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	214,2	224,4	243,6	254,9	273,6	303,4	331,9
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	160,6	157,8	166,8	168,6	178,8	200,3	224,4
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	38,8	40,2	40,6	43,7	40,7	56,7	43,8
Ríkissjóður <sup>1</sup> <i>Central government</i> <sup>1</sup>	29,1	30,5	30,8	34,0	31,0	46,9	32,5
Sveitarfélög <i>Local governments</i>	12,5	12,6	12,8	12,6	12,3	12,4	12,7
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	9,4	8,9	8,8	8,4	8,1	8,3	8,6

<sup>1</sup> Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

**Mynd 3. Tekjur og útgjöld hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu**  
*Figure 3. The general government revenues and expenditures as per cent of GDP*



*Skatttekjur- og tryggingagjölda skila hinu opinbera 85,6% tekna*

Megintekjustofnar hins opinbera eru skatttekjur og tryggingagjöld, sem skiluðu 981,4 milljörðum króna árið 2017 eða 85,6% tekna þess. Skatttekjur hins opinbera drögust saman um 288,5 milljarða króna milli ára en þar munar mest um stöðugleikaframlagið. Framlagið er fært undir óreglubundna eignaskatta en það er í samræmi við fyrirliggjandi forsendur framlaganna og alþjóðlega staðla um hagræna flokkun fjárhagsupplýsinga hins opinbera.

**Tafla 3. Megintekjustofnar hins opinbera 2011–2017**  
*Table 3. General government main income types 2011–2017*

Milljarðar króna Billion ISK	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Heildartekjur Total revenue</b>	682,3	740,8	795,7	907,0	931,0	1.418,3	1.146,5
Skatttekjur <sup>1</sup> Taxes <sup>1</sup>	519,1	561,6	606,2	700,8	732,3	1.180,2	891,7
Tryggingagjöld Social contributions	66,8	64,9	69,9	73,4	79,7	85,4	89,6
Fjárframlög Grants	2,9	3,7	2,9	2,5	2,7	3,0	2,8
Aðrar tekjur Other revenue	93,4	110,6	116,7	130,2	116,3	149,7	162,3
<b>Hlutfall af VLF Per cent of GDP</b>							
Heildartekjur Total revenue	38,8	40,2	40,6	43,7	40,7	56,7	43,8
Skatttekjur <sup>1</sup> Taxes <sup>1</sup>	29,5	30,5	30,9	33,8	32,0	47,2	34,1
Tryggingagjöld Social contributions	3,8	3,5	3,6	3,5	3,5	3,4	3,4
Fjárframlög Grants	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1
Aðrar tekjur Other revenue	5,3	6,0	6,0	6,3	5,1	6,0	6,2

<sup>1</sup> Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.


Aðrar tekjur hins opinbera, þ.e. rekstrartekjur hins opinbera, námu 162,3 milljörðum króna árið 2017 og er það aukning um 8,4% frá fyrra ári. Árið 2017 var tekjufærður arður 28,3 milljarðar króna samanborið við 33,5 milljarða króna árið 2016. Hagstofan vinnur eftir alþjóðlegum þjóðhagsreikningastöðlum sem kveða á um að hámarki sé tekjufærður arður sem jafngildir rekstrarhagnaði ársins að frádregnum virðisbreytingum en endurmat og virðisbreyting eru færð í gegnum efnahag.

**Tafla 4. Tekjuskattar hins opinbera 2011–2017***Table 4. The general government tax on income and profits 2011–2017*

Milljarðar króna <i>Billion ISK</i>	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i></b>	266,8	283,2	315,6	360,5	381,0	429,5	482,6
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	220,6	234,5	258,6	270,6	298,0	339,8	373,0
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	29,5	34,0	40,5	66,8	52,5	62,2	80,0
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	16,8	14,8	16,5	23,1	30,5	29,9	29,6
<b>Hlutfall af VLF <i>Percent of GDP</i></b>							
Tekjuskattar <i>Taxes on income and profits</i>	15,2	15,4	16,1	17,4	16,7	17,2	18,5
Tekjusk. einstakl. <i>Individual income tax</i>	12,5	12,7	13,2	13,0	13,0	13,6	14,3
Tekjusk. lögaðila <i>Corporate income tax</i>	1,7	1,8	2,1	3,2	2,3	2,5	3,1
Fjárm.tekjusk. <i>Tax on interest &amp; cap. gains</i>	1,0	0,8	0,8	1,1	1,3	1,2	1,1

Tekjuskattar skiliðu hinu opinbera 482,6 milljörðum króna árið 2017 eða 18,4% af landsframleiðslu. Það er 12,3% aukning frá fyrra ári en tekjuskattur einstaklinga jókst um 10,5% og tekjuskattur lögaðila um 28,7%.

Skattar á vöru og þjónustu skiliðu 326,9 milljörðum króna eða 12,5% af landsframleiðslu. Er það aukning um 12,4% milli ára. Þar af var virðisaukaskattur 234,0 milljarðar króna eða 8,9% af landsframleiðslu.

**Mynd 4. Helstu skattstofnar hins opinbera sem hlutfall af landsframleiðslu***Figure 4. The general government main taxes as per cent of GDP*

## Útgjöld hins opinbera

*Útgjöld hins opinbera  
jukust um 2,2%*

Útgjöld hins opinbera námu 1.132,6 milljörðum króna árið 2017 eða 43,3% af landsframleiðslu ársins. Aukningin milli ára í útgjöldum hins opinbera nam 23,9 milljörðum króna eða 2,2%. Árið 2016 var 105,1 milljarðs króna gjaldfærðsla vegna fjármagnstilfærslu ríkissjóðs til Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins. Heildarframlagið var 117,2 milljarðar króna 12,1 milljarður króna var færður yfir efnahagsreikning en sá hluti var vegna breytinga á lífslíkum. Árið 2017 er í reikningum sveitarfélaga gjaldfærsla fjármagnstilfærslu Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 milljarða króna.

Heildarútgjöld ríkissjóðs drögust saman um 5,0% milli ára, útgjöld sveitarfélaga jukust um 19,0% og útgjöld almannatrygginga jukust um 15,0%. Að frádreginni fyrrnefndri fjármagnstilfærslu sveitarfélaganna til Brúar lífeyrissjóðs, námu heildarútgjöld sveitarfélaga 333,1 milljaraði króna á árinu 2017 og jukust um 8,6% frá fyrra ári.

**Tafla 5. Útgjöld hins opinbera og undirgeira þess 2011–2017**

*Table 5. The general government expenditure 2011–2017*


Í milljörðum króna <i>In billion ISK</i>	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Hið opinbera <i>General government</i></b>	777,3	807,2	830,5	908,5	949,1	1.108,7	1.132,6
Ríkissjóður <sup>1</sup> <i>Central government<sup>1</sup></i>	593,7	603,9	618,0	669,8	698,3	848,8	804,8
Sveitarfélög <sup>2</sup> <i>Local governments<sup>2</sup></i>	219,3	233,0	250,9	271,3	287,0	300,3	365,1
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	154,0	157,3	160,8	170,0	177,7	194,0	223,0
<b>Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i></b>							
Hið opinbera <i>General government</i>	44,2	43,8	42,4	43,8	41,5	44,3	43,3
Ríkissjóður <sup>1</sup> <i>Central government<sup>1</sup></i>	33,8	32,8	31,5	32,3	30,5	33,9	30,8
Sveitarfélög <sup>2</sup> <i>Local governments<sup>2</sup></i>	12,5	12,7	12,8	13,1	12,5	12,0	14,0
Almannatryggingar <i>Social security funds</i>	8,8	8,5	8,2	8,2	7,8	7,7	8,5

<sup>1</sup> Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

<sup>2</sup> Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalin 2017. *The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Brúar Pension Fund has been included as an expense in 2017.*

Samneysluútgjöld eftir hagrænni skiptingu á útgjöldum hins opinbera, þ.e. launaútgjöld og kaup á vöru og þjónustu að frádreginni sölu á vöru og þjónustu og að viðbættum afskriftum, námu 613,6 milljörðum króna árið 2017 eða 23,5% af landsframleiðslu. Er það aukning um 7,5% milli ára, en þar af jökst launakostnaður um 10,4% og kaup á vöru á þjónustu um 9,2%.

**Mynd 5. Samneysla og fjárfesting hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
*Figure 5. General government final consumption and investment as per cent of GDP*



Fjárfesting jókst um 32,5% og voru útgjöld vegna Vaðlaheiðarganga talin með en þau námu um 2,4 milljörðum króna. Fjárfesting sveitarfélaganna skýrir að mestu leyti þessa aukningu en fjárfesting þeirra jókst um 38,5%.

*Vaxtagjöld hins opinbera jukust um 3,2%*

Vaxtagjöld hins opinbera námu 101,4 milljörðum króna á árinu 2017 eða 3,9% af landsframleiðslu ársins. Vaxtagjöld hins opinbera hafa aukist um 3,2% frá 2016, en þá námu þau 98,3 milljörðum króna.

Tilfærsluútgjöld hins opinbera, þ.e. framleiðslustyrkir, félagslegar tilfærslur til heimila og önnur tilfærsluútgjöld, námu 11,3% af landsframleiðslu árið 2017, samanborið við 14,1% árið 2016.

**Tafla 6. Hagræn flokkun útgjalda hins opinbera 2011–2017**  
*Table 6. The general government expenditure by economic type 2011–2017*

Slík af VLF / Type of expenditure	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Heildarútgjöld Total expenditure</b>	44,2	43,8	42,4	43,8	41,5	44,3	43,3
Laun Wages and salaries	13,0	13,1	13,1	13,3	13,4	13,3	14,0
Kaup á vörum og þjónum. Use of goods & services	11,7	11,6	11,3	11,1	10,6	10,1	10,6
Vaxtagjöld Interest	4,0	4,6	4,4	4,6	4,4	3,9	3,9
Framleiðslustyrkir Subsidies	1,7	1,7	1,6	1,4	1,3	1,4	1,3
Félagslegar tilf. til heimila Social benefits	7,9	7,3	6,8	6,7	6,2	5,9	6,4
Önnur tilfærsluútgjöld <sup>1,2</sup> Other expenditure <sup>1,2</sup>	3,0	2,7	2,1	3,5	2,5	6,8	3,6
Fjárfesting Acquisition of nonfinancial assets	2,6	2,6	2,8	3,0	2,8	2,6	3,4

<sup>1</sup> Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalinn 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.

<sup>2</sup> Fjármagnstilfærsla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalinn 2017. The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Brúar Pension Fund has been included as an expense in 2017.

**Tafla 7. Meginmálaufokkar hins opinbera 2012–2017**

Table 7. The general government main functions 2012–2017

Innbyrðis hlutdeild Percentage breakdown	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Heildarútgjöld Total expenditure</b>	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
Almenn opinber þjónusta <sup>1,2</sup> Gen. public services <sup>1,2</sup>	19,3	18,8	18,0	17,9	24,9	18,7
Varnarmál Defence	0,0	0,1	0,0	0,0	0,1	0,1
Réttar- og öryggismál Public order and safety	3,1	3,2	3,3	3,6	2,9	3,4
Efnahags- og atvinnumál Economic affairs	10,6	10,9	13,9	11,6	10,7	10,9
Umhverfismál Environmental protection	1,3	1,2	1,4	1,4	1,3	1,4
Húsn.- og skipulagsmál Housing & community	2,4	1,3	0,8	1,1	1,0	1,2
Heilbrigðismál Health affairs	16,2	16,8	16,6	17,4	16,5	17,5
Menning og íþróttamál Recreation and culture	6,8	7,4	6,7	7,5	6,6	6,9
Fraðslumál Education	16,8	17,1	16,8	17,4	15,8	17,4
Alm.trygg. og velferðarmál Social protection	23,4	23,2	22,4	22,1	20,1	22,5


<sup>1</sup> Fjármagnstilfærla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

<sup>2</sup> Fjármagnstilfærla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalin 2017. *The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Brúar Pension Fund has been included as an expense in 2017.*

Almannatryggingar og velferðarmál er stærsti málaflokkur ársins 2017

Almannatryggingar og velferðarmál eru fjárfrekti málaflokkur hins opinbera árið 2017 en hlutur málaflokksins fór úr 20,1% í 22,5% af heildarútgjöldum. Almenn opinber þjónusta fylgir á eftir með 18,7% af heildarútgjöldum hins opinbera árið 2017. Til heilbrigðismála hins opinbera runnu 17,5% útgjalda og 17,4% til menntamála. Fjallað er um þróun útgjalda til heilbrigðis-, fræðslu- og velferðarmála í sérstökum köflum hér á eftir en til þessara málaflokka runnu 57,4% útgjalda hins opinbera eða 24,8% af landsframleiðslu.

**Mynd 6. Nokkrir málaflokkar hins opinbera sem hlutfall af VLF**  
Figure 6. General government main expenditure functions as per cent of GDP



## Heilbrigðismál

*Heilbrigðisútgjöld hins opinbera námu 7,1% af landsframleiðslu*

Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála árið 2017 námu 184,9 milljörðum króna<sup>1</sup> eða 7,1% af landsframleiðslu. Þau jukust um 12,7 milljarða milli ára eða um 7,4%.

Árið 2017 var 126,0 milljörðum króna ráðstafað til sjúkrahúsþjónustu. Þessi liður vegur þyngst með 68,1% af heildarútgjöldum hins opinbera til heilbrigðispjónustu árið 2017. Þjónusta við ferlisjúklinga kemur þar á eftir með 22,4% af heilbrigðisútgjöldum hins opinbera, en þar vegur þyngst almenn heilsugæsla og þjónusta sérfræðilækna utan sjúkrahúsa.

**Tafla 8. Útgjöld hins opinbera til heilbrigðismála 2011–2017**

*Table 8. The general government expenditure on health 2011–2017*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Heilbrigðisútgjöld alls<sup>1</sup> <i>Expenditure on health<sup>1</sup></i></b>	6,7	6,7	6,8	6,9	6,8	6,9	7,1
1. Lækn.vörur og hjálpartæki <i>Medical products</i>	0,7	0,7	0,6	0,6	0,5	0,5	0,5
2. Þjónusta við ferlisjúklinga <i>Outpatient services</i>	1,3	1,3	1,4	1,4	1,4	1,5	1,6
3. Sjúkrahúsþjónusta <i>Hospital services</i>	4,5	4,6	4,6	4,7	4,6	4,7	4,8
4. Forvarnir og alm. heilbr.þj. <i>Public health serv.</i>	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0	0,0
5. Heilbrigðismál ót.a.s. <i>Health n.e.c.</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,1	0,1	0,1

<sup>1</sup> Kaup heimila á heilbrigðispjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public health is excluded.*

**Tafla 9. Heildarútgjöld til heilbrigðismála 1998–2017**

*Table 9. The expenditure on health 1998–2017*

Hið opinb. <i>General govern.</i>	Hlutfall af landsframleiðslu <i>Per cent of GDP</i>			Hlutfall einkaaðila af heild <i>PS % of totals</i>	Heilbr.útgj. staðvirt <sup>1</sup> <i>Health exp. in fixed prices<sup>1</sup></i>	Heilbr.útgj. staðvirt á mann <sup>1</sup> <i>Health exp. per capita<sup>1</sup></i>
	General govern.	Einkaaðila Private sector	Samtals <i>Total</i>			
1998	7,02	1,69	8,71	19,4	100,0	100,0
1999	7,74	1,65	9,39	17,6	109,9	108,6
2000	7,48	1,71	9,19	18,7	110,8	107,9
2001	7,33	1,70	9,03	18,8	114,2	109,7
2002	7,96	1,76	9,71	18,1	120,6	114,8
2003	8,15	1,82	9,97	18,3	122,3	115,7
2004	7,72	1,78	9,50	18,7	123,7	115,8
2005	7,47	1,70	9,18	18,6	124,7	115,4
2006	7,27	1,60	8,87	18,0	127,6	114,8
2007	7,15	1,51	8,66	17,5	134,0	117,9
2008	7,12	1,50	8,62	17,4	138,1	118,4
2009	7,30	1,61	8,91	18,0	133,4	114,4
2010	6,88	1,69	8,57	19,7	125,0	107,7
2011	6,75	1,65	8,39	19,6	122,9	105,5
2012	6,74	1,64	8,39	19,6	122,3	104,4
2013	6,78	1,62	8,40	19,3	125,4	106,0
2014	6,89	1,61	8,50	19,0	129,2	108,0
2015	6,79	1,56	8,35	18,7	132,2	109,4
2016	6,88	1,50	8,38	17,9	139,4	113,8
2017	7,07	1,49	8,56	17,4	144,2	115,0

<sup>1</sup> Heilbrigðisútgjöld staðvirt með verðvísitölu samneyslunnar og undirvísitölu fyrir heilsu úr vísitölu neysluverðs. Magnvístala, 1998=100. *Health expenditure deflated by price index of government final consumption and subindex for health from the CPI. Volume index 1998=100.*

<sup>1</sup> Frá útgjöldum hins opinbera til heilbrigðismála hafa verið dregin kaup heimila á heilbrigðispjónustu hins opinbera, en þau flokkast með einkaneyslu heimilanna.

Að raungildi á mann jukust útgjöld hins opinbera til sjúkrahúsastofnana um 1,0% árið 2017 og um 3,7% vegna þjónustu við ferlisjúklinga. Á sama tíma dró gust útgjöld á mann til lyfja- og hjálpartækjakaupa saman um 4,5% að raungildi. Borið saman við árið 2008, þegar útgjöld til heilbrigðismála mældust hæst, hafa heildarútgjöld hins opinbera til heilbrigðismála að teknu tilliti til mannfjöldapróunar dregist saman um 5,0% að raungildi.

*Heilbrigðismál námu 8,6% af landsframleiðslu árið 2017*

Heildarútgjöld til heilbrigðismála námu 8,6% af landsframleiðslu á árinu 2017. Hæst urðu heilbrigðisútgjöldin sem hlutfall af landsframleiðslu árið 2003 eða 10,0%. Árið 2017 voru 17,4% útgjaldanna fjármögnud af einkaaðilum (heimilum og samtökum), borið saman við 17,9% árið 2016. Heilbrigðisútgjöld hafa aukist um 4,4% að raungildi frá árinu 2008 en að teknu tilliti til mannfjöldaþróunar hafa þau aftur á móti dregist saman um 2,9% á sama tíma.

## Fræðslumál

*Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 173,4 milljörðum króna*

Útgjöld hins opinbera til fræðslumála námu 173,4 milljörðum króna eða 6,6% af landsframleiðslu á árinu 2017. Af útgjöldunum rann 47,7% til grunnskólastigsins eða 82,6 milljarðar króna. Til háskólastigsins runnu af hálfu hins opinbera 34,4 milljarðar króna eða 1,3% af landsframleiðslu. Framhaldsskólastigið tók til sín nokkuð lægri fjárhæð eða um 29,4 milljarða króna sem er 5,0% hærri fjárhæð en árið áður. Útgjöld hins opinbera til leikskólastigsins námu 17,0 milljörðum króna 2017 og jukust þau um 5,9% milli ára á verðlagi hvors árs. Alls námu útgjöld hins opinbera til fræðslumála 505 þúsund krónum á mann og jukust um 0,6% að raungildi frá fyrra ári. Frá árinu 2008, þegar útgjöldin mældust mest, hafa útgjöld hins opinbera að teknu tilliti til mannfjölda dregist saman um 12,1% að raungildi.

**Tafla 10. Útgjöld hins opinbera til fræðslumála 2011–2017**

*Table 10. The general government expenditure on education 2011–2017*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Fræðsluútgjöld alls<sup>1</sup> <i>Expenditure on education<sup>1</sup></i></b>	6,9	6,7	6,6	6,8	6,7	6,5	6,6
1. Leikskólastig <i>Pre-primary education</i>	0,7	0,6	0,6	0,7	0,6	0,6	0,6
2. Grunnskólastig <i>Primary and secondary edu.</i>	3,3	3,2	3,1	3,3	3,1	3,0	3,2
3. Framhaldsskólastig <i>Upper secondary edu.</i>	1,2	1,2	1,1	1,1	1,2	1,1	1,1
4. Háskólastig <i>Tertiary education</i>	1,4	1,4	1,4	1,4	1,4	1,3	1,3
5. Önnur skólastig <i>Other school leves</i>	0,2	0,2	0,2	0,2	0,2	0,3	0,3
6. Önnur fræðslumál ót.a.s. <i>Education n.e.c.</i>	0,2	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1	0,1

<sup>1</sup> Kaup heimila á fræðslupjónustu hins opinbera dregin frá. *The households purchase of public education is excluded.*

*Til fræðslumála er ráðstafað um 7,3% af landsframleiðslu*

Heildarútgjöld til fræðslumála námu 191,2 milljörðum króna árið 2017 eða sem samsvarar 7,3% af landsframleiðslu. Um 9,3% útgjaldanna eru fjármögnud af heimilunum. Útgjöld til fræðslumála voru 557 þúsund krónur á mann árið 2017. Að raungildi voru útgjöld til fræðslumála á mann hæst árið 2008, en síðan dró úr þeim allt til ársins 2012 en frá þeim tíma hafa þau aftur farið vaxandi. Árið 2017 voru fræðsluútgjöld á mann þó enn 10,8% lægri að raungildi en þau voru árið 2008.

**Tafla 11. Heildarútgjöld til fræðslumála 1998–2017**

Table 11. The expenditure on education 1998–2017

	Hlutfall af landsframleiðslu Per cent of GDP			Hlutfall heimila af heild HH % of totals	Fræðsluútgj. staðvirt <sup>1</sup> Edu. exp. in fixed prices <sup>1</sup>	Fræðsluútgj. staðvirt á mann <sup>1</sup> Edu. exp. per capita <sup>1</sup>
	Hið opinb. General govern.	Heimili House- holds	Samtals Total			
1998	6,38	0,65	7,03	9,3	100,0	100,0
1999	6,54	0,66	7,20	9,1	103,7	102,4
2000	6,58	0,65	7,23	9,0	106,9	104,1
2001	6,83	0,67	7,51	9,0	115,8	111,2
2002	7,44	0,75	8,19	9,2	124,0	118,1
2003	7,40	0,84	8,24	10,2	123,2	116,6
2004	7,29	0,79	8,08	9,8	128,9	120,6
2005	7,49	0,79	8,29	9,6	137,3	127,1
2006	7,44	0,77	8,20	9,4	142,7	128,4
2007	7,13	0,72	7,85	9,2	146,5	128,8
2008	7,22	0,66	7,89	8,4	152,7	130,9
2009	7,31	0,67	7,98	8,4	145,8	125,0
2010	7,09	0,68	7,77	8,7	139,0	119,7
2011	6,91	0,68	7,59	9,0	135,7	116,5
2012	6,73	0,70	7,43	9,4	131,3	112,1
2013	6,65	0,71	7,36	9,7	132,6	112,2
2014	6,78	0,72	7,50	9,6	137,5	115,0
2015	6,65	0,70	7,35	9,5	139,5	115,4
2016	6,48	0,68	7,16	9,5	142,3	116,1
2017	6,63	0,68	7,31	9,3	146,4	116,8

<sup>1</sup> Fræðsluútgjöld hins opinbera staðvirt með verðvísítolu samneyslunnar. Fræðsluútgjöld einkaaðila staðvirt með verðvísítolu einkaneyslu fræðsluútgjalda. Magnvísitala, 1998=100. Public expenditure on education deflated by price index of government final consumption. Private expenditure deflated by a subindex from the private final consumption. Volume index, 1998=100.

## Almannatryggingar og velferðarmál

Til málafloksins almannatryggingar og velferðarmál teljast ýmiss konar félagslegar tilfærslur til einstaklinga, t.d. vegna elli, örorku, fæðinga og atvinnuleysis, og ýmiss konar velferðarþjónusta, einkum við börn, aldraða og fatlaða. Umsjón með tekjutilfærslum er að mestu í höndum almannatrygginga. Velferðarþjónusta við börn, fatlaða og aldraða er hins vegar að mestu á vegum sveitarfélaga.

*Til almannatrygginga og velferðarmála runnu 9,7% af landsframleiðslu ársins*

Á árinu 2017 runnu 255,0 milljarðar króna til málafloksins eða 9,7% af landsframleiðslu og er það hækkun frá árinu 2016 er hlutfallið var 8,9%. Þar vegur þyngst að útgjöld vegna öldrunar hafa aukist um 28,7% og vegna örorku og fötlunar um 18,8% frá árinu 2016.

Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar, öldrunar og fjölskyldna og barna eru umfangsmestu útgjaldaliðir almannatrygginga og velferðarmála. Námu útgjöld árið 2017 vegna örorku og fötlunar 3,1% af landsframleiðslu, öldrunar 3,0% af landsframleiðslu og 2,0% af landsframleiðslu til fjölskyldna og barna.

**Tafla 12. Opinber útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála 2011–2017**  
*Table 12. The general government expenditure on social protection 2011–2017*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>Alm.trygg. og velf.mál alls <i>Social protection</i></b>	10,77	10,24	9,82	9,83	9,17	8,91	9,74
1. Sjúkdómar <i>Sickness</i>	0,05	0,05	0,06	0,06	0,07	0,04	0,05
2. Örorka og fötlun <i>Disability</i>	2,72	2,71	2,77	2,85	2,71	2,69	3,06
3. Öldrun <i>Old age</i>	2,38	2,40	2,36	2,49	2,42	2,47	3,04
4. Eftirlifendur <i>Survivors</i>	0,02	0,02	0,02	0,02	0,01	0,01	0,01
5. Fjölskyldur og börn <i>Family and children</i>	2,23	2,17	2,27	2,25	2,07	2,01	2,02
6. Atvinnuleysi <i>Unemployment</i>	1,42	1,25	0,91	0,71	0,54	0,43	0,49
7. Húsnæðisaðstöð <i>Housing</i>	1,32	1,04	0,68	0,67	0,55	0,47	0,42
8. Félagsleg aðstöð ót.a.s. <i>Social exclusion</i>	0,41	0,40	0,40	0,42	0,39	0,43	0,32
9. Alm.tr. og velf.mál ót.a.s. <i>Soc. prot. n.e.c.</i>	0,23	0,21	0,34	0,36	0,40	0,34	0,33

Útgjöldin námu 743 þúsund krónum á mann

Árið 2017 voru útgjöld hins opinbera til almannatrygginga og velferðarmála 743 þúsund krónur á mann á verðlagi þess árs. Útgjöld hins opinbera vegna örorku og fötlunar voru 233 þúsund krónur á mann og vegna öldrunar 232 þúsund krónur. Er þetta mikil hækkun í báðum flokkum milli ára, um 11,8% annars vegar og 21,2% hins vegar. Útgjöld á mann vegna fjölskyldna og barna á verðlagi 2017 drögust lítillega saman milli ára. Þau voru 154 þúsund krónur á mann árið 2017 á verðlagi þess árs, sem er 1,0% lækkun að raungildi í samanburði við árið 2016.

## Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera

*Peningalegar eignir jukust um 16,3% milli ára*

Peningalegar eignir hins opinbera námu 1.476,5 milljörðum króna í árslok 2017 eða sem nemur 56,4% af landsframleiðslu. Er það aukning um 16,3% frá því árið 2016. Lánveitingar námu 134,5 milljörðum króna í árslok 2017 og sjóðir og bankainnistiður námu 212,3 milljörðum króna.

**Tafla 13. Peningalegar eignir og skuldir hins opinbera 2011–2017**

*Table 13. The general government financial assets and liabilities 2011–2017*

Hlutfall af VLF <i>Per cent of GDP</i>	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Peningalegar eignir <i>Financial assets</i>	72,2	67,2	60,6	61,8	49,3	50,7	56,4
Skuldir <i>Liabilities</i>	122,5	119,5	111,1	109,8	96,3	84,8	76,5
Verðbréf <i>Securities other than shares</i>	44,9	45,6	43,0	42,3	39,0	33,9	28,8
Lántökur <i>Loans</i>	47,2	43,8	38,8	36,4	26,2	17,1	14,3
Innlendar lántökur <i>Domestic loans</i>	19,9	19,0	18,2	16,2	12,7	9,0	9,8
Erlendar lántökur <i>Foreign loans</i>	27,2	24,8	20,5	20,2	13,5	8,1	4,5
Lífeyrisskuldbindingar <i>Pension liabilities</i>	23,7	23,8	23,3	23,6	25,4	27,7	27,1
Viðskiptaskuldir <i>Other accounts payable</i>	6,8	6,3	6,0	7,4	5,7	6,0	6,3
Hrein peningaleg eign <i>Net financial assets</i>	-50,3	-52,3	-50,5	-48,1	-47,0	-34,0	-20,1


*Heildarskuldir hins opinbera drögust saman 5,6%*

Heildarskuldir hins opinbera námu 2.002,2 milljörðum króna í árslok 2017 eða 76,5% af landsframleiðslu. Hafa heildarskuldir hins opinbera dregist saman um 5,6% frá árinu 2016. Erlendar lántökur námu 117,6 milljörðum króna í árslok 2017 eða 4,5% af landsframleiðslu. Innlendar lántökur námu 256,4 milljörðum króna í árslok eða 9,8% af landsframleiðslu.

Hrein peningaleg eign hins opinbera var því neikvæð um 525,7 milljarða króna í árslok 2017 sem samsvarar 20,1% af landsframleiðslu ársins. Hefur hrein peningaleg eign hins opinbera batnað um 326,1 milljarða króna eða 38,3% frá því árslok 2016.

**Mynd 7. Skuldir ríkissjóðs og sveitarfélaga sem hlutfall af VLF**

*Figure 7. The liabilities of central and local governments as per cent of GDP*



## Hið opinbera og opinber fyrirtæki

Eins og fram kom hér að framan nær hin hefðbundna skilgreining hins opinbera samkvæmt þjóðhagsreikningum einungis til þeirrar starfsemi sem fjármögnuð er með álagningu skatta en ekki með sölu á vöru og þjónustu á almennum markaði. Í þessu felst að atvinnustarfsemi á vegum hins opinbera, sem fjármögnuð er að mestu með sölu á vöru og þjónustu, er ekki talin til opinbera geirans, heldur til fyrirtækjageira hagkerfisins. Þeir stærstu eru Landsbankinn, Íslandsbanki, Seðlabankinn, Landsvirkjun og Íbúðaláanasjóður.

**Tafla 14. Fjármál hins opinbera og fyrirtækja þess 2011–2017**

Table 14. Public sector accounts 2011–2017

Hlutfall af VLF Per cent of GDP	2011	2012	2013	2014	2015	2016	2017
Rekstrartekjur <sup>1</sup> Total revenue <sup>1</sup>	55,3	56,6	56,1	57,1	54,0	70,1	54,4
Rekstrargjöld <sup>2,3</sup> Total expenditure <sup>2,3</sup>	58,9	59,7	56,1	54,6	52,1	54,5	50,8
Rekstrarjöfn. Net operation balance	-3,6	-3,1	0,0	2,5	1,8	15,6	3,6
Fjárfesting Acq. nonfin. assets	0,4	0,6	1,1	1,5	1,6	2,3	2,9
Tekjuafkoma Net lending/borrowing	-4,0	-3,7	-1,1	1,1	0,2	13,3	0,7
Hrein peningaleg eign Net fin.assets	-80,0	-76,3	-70,7	-67,6	-64,6	-37,4	-27,6

<sup>1</sup> Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. *The central government's revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016.*

<sup>2</sup> Fjármagnstilfærla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalinn 2016. *The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*


<sup>3</sup> Fjármagnstilfærla sveitarfélaga til Brúar lífeyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalinn 2017. *The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Brúar Pension Fund has been included as an expense in 2017.*

*Tekjuafkoma hins opinbera og fyrirtækja þess var jákvæð um 0,7% af landsframleiðslu*

Frá hagstjórnarlegu sjónarmiði er áhugavert að skoða efnahagsleg áhrif opinbera geirans í víðari skilgreiningu, þ.e. hins opinbera og fyrirtækja þess. Rekstrartekjur námu 54,4% af landsframleiðslu 2017 og rekstrargjöld 50,8%. Tekjuafkoma<sup>1</sup> opinbera geirans var jákvæð um 18,5 milljarða árið 2017, þar af var tekjuafkoma hins opinbera samkvæmt þrengri skilgreiningu 13,9 milljarðar króna og tekjuafkoma opinberra fyrirtækja 4,6 milljarðar króna.

<sup>1</sup> Tekjuafkoma sýnir mismun tekna og rekstrar- og fastafjárútgjalda. Þessi jöfnuður veitir vísbindingu um hvort hið opinbera leggur öðrum aðilum hagkerfisins til fjármagn (nettó) eða tekur til sín fjármagn; m.ö.o. hvort hið opinbera hafi þensluhvetjandi áhrif eða ekki.

**Mynd 8. Tekjuafkoma opinberra aðila sem hlutfall af VLF**  
*Figure 8. Public sector's financial balance as per cent of GDP*



**Skýringar Notes:** 192 ma. kr yfirtaka ríkissjóðs 2008 á töpuðum kröfum Seðlabanka Íslands er meðtalin. Tekjur af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Fjármagnstilfærsla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. *The central government debt assumption of 192 billion ISK in 2008 is included. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016.*

### Frekari upplýsingar

Í heftinu hefur megináhersla verið lögð á fjármál hins opinbera, bæði í texta og töflum. Töflur í ýtarlegrí sundurliðun auk samsvarandi upplýsinga um ríkissjóð, sveitarfélög og almannatryggingar eru á vefsíðu Hagstofunnar undir fjármálum hins opinbera:

→ [www.hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/fjarmal-hins-opinbera/](http://www.hagstofa.is/talnaefni/efnahagur/fjarmal-hins-opinbera/)

## English summary

In 2017, the financial balance of the general government was 13.9 billion ISK in surplus or 0.5% of GDP, compared with a surplus of 12.4% in 2016. Revenue due to stability contribution, 384.2 billion ISK, is included in 2016. Expenditure due to contribution to the Government Employees Pension Fund, 105.1 billion ISK, is included in 2016 as capital transfer. The general government total revenue amounted to 43.8% of GDP in 2017 while its total expenditure amounted to 43.3% of GDP.

In 2017, the total expenditure on health was 8.6% of GDP, of which 82.6% was financed by the general government and 17.4% by the private sector. The public health expenditure per capita was 652 thousand ISK in 2017, which is an increase of 1.0% in real terms since 2016. The public health expenditure per capita has increased by 16.5% in real terms since 2008. The total expenditure on education was 7.3% of GDP in 2017, of which 90.7% was financed by the general government and 9.3% by the private sector. The public expenditure per capita was 505.0 thousand ISK in 2017, which is an increase of 0.6% in real terms since 2016.

The general government net financial assets, i.e. financial assets less liabilities, were negative by 525.7 billion ISK in 2017 or 20.1% of GDP. The net financial assets have increased by 326.1 billion ISK since 2016. The general government total financial assets amounted to 1,476.5 billion ISK at the end of 2017 and the total liabilities amounted to 2,002.2 billion ISK.

All data referred to in this issue have been published on the website of Statistics Iceland in English:

→ [www.statice.is/statistics/economy/public-finance/](http://www.statice.is/statistics/economy/public-finance/)

**Tafla 15. Rekstrarreikningur hins opinbera árin 2012–2017**

Table 15. The general government statement of operations 2012–2017

Verðlag hvers árs, í milljónum króna	<i>Current prices, in million ISK</i>	2012	2013	2014	2015	2016	2017
<b>1 Heildartekjur Total revenue</b>		<b>740.768</b>	<b>795.732</b>	<b>906.988</b>	<b>930.966</b>	<b>1.418.301</b>	<b>1.146.494</b>
11 Skatttekjur <sup>1</sup> Tax revenue <sup>1</sup>		<b>561.567</b>	<b>606.243</b>	<b>700.831</b>	<b>732.295</b>	<b>1.180.239</b>	<b>891.715</b>
12 Tryggingagjöld Social contributions		64.882	69.899	73.432	79.707	85.370	89.649
13 Fjárfamlög Grants		3.733	2.881	2.534	2.689	3.003	2.802
14 Aðrar tekjur Other revenues		110.586	116.710	130.191	116.275	149.689	162.329
<b>Heildargjöld (2+31) Total expenditure (2+31)</b>		<b>807.229</b>	<b>830.530</b>	<b>908.480</b>	<b>949.126</b>	<b>1.108.713</b>	<b>1.132.612</b>
<b>2 Rekstrarútgjöld Expenses</b>		<b>810.257</b>	<b>826.794</b>	<b>897.845</b>	<b>938.223</b>	<b>1.095.948</b>	<b>1.097.915</b>
21 Laun Compensation of employees		242.024	256.169	275.648	307.149	331.762	366.406
22 Kaup á vöru og þjónustu Use of goods and services		213.887	222.234	230.421	241.586	253.921	277.317
23 Afskriftir Consumption of fixed capital		50.713	51.172	51.092	53.108	53.539	53.172
24 Vaxtagjöld Interest		84.066	86.505	94.411	101.724	98.304	101.431
25 Framleiðslustyrkir Subsidies		30.485	31.070	29.477	29.885	34.556	35.104
26 Fjárfamlög Grants		3.838	4.342	5.159	5.144	4.942	4.911
27 Félagslegar tilfærslur til heimila Social benefits		134.950	133.645	139.441	141.699	147.736	166.085
28 Tilfærsluútgjöld önnur en fjárfamlög <sup>2,3</sup> Other expense <sup>2,3</sup>		50.293	41.658	72.195	57.928	171.188	93.489
<b>31 Fastafjárvútgjöld Nonfinancial assets</b>		<b>-3.028</b>	<b>3.736</b>	<b>10.635</b>	<b>10.903</b>	<b>12.765</b>	<b>34.697</b>
311 Fjárfesting í efnislegum eignum Net acquisition of fixed assets		47.686	54.908	61.728	64.011	66.304	87.869
23 Afskriftir of fixed capital		-50.713	-51.172	-51.092	-53.108	-53.539	-53.172
<b>Tekjuafgangur / halli (1-2-31) Net lending and net borrowing (1-2-31)</b>		<b>-66.461</b>	<b>-34.798</b>	<b>-1.492</b>	<b>-18.160</b>	<b>309.588</b>	<b>13.883</b>
<b>32 Peningalegar eignir, hreyfingar Financial assets, transactions</b>		<b>-80.939</b>	<b>-40.590</b>	<b>50.420</b>	<b>-176.287</b>	<b>163.512</b>	<b>-155.312</b>
<b>33 Skuldir, hreyfingar Liabilities, transactions</b>		<b>-14.478</b>	<b>-5.792</b>	<b>51.917</b>	<b>-158.127</b>	<b>-146.242</b>	<b>-164.044</b>

<sup>1</sup> Tekjur ríkissjóðs af stöðugleikaframlagi upp á 384,2 ma.kr. eru meðtaldar 2016. Revenue due to stability contribution for 384.2 billion ISK are included in 2016. <sup>2</sup> Fjármagnstilfærla ríkissjóðs til LSR upp á 105,1 ma.kr. er meðtalin 2016. The central government's 105.1 billion ISK contribution to the A-part of the State Pension Fund has been included as an expense in 2016. <sup>3</sup> Fjármagnstilfærla sveitarfélaga til Brúar lifseyrissjóðs upp á 32,0 ma.kr. er meðtalin 2017. The local government's 32.0 billion ISK contribution to the Brúar Pension Fund has been included as an expense in 2017

